

## **Aðalfundur Ungmennafélags Tindastóls**

**24.apríl 2024 fyrir árið 2023.**

Mættir voru: Magnús Barðdal, Stefán Árnason, Sigurlína Erla Magnúsdóttir, Guðlaugur Skúlason, Gunnar Traustason, Sigríður Inga Viggósdóttir, Viggó Jónsson, Laufey Harðardóttir, Grétar Karlsson, Jón Kolbeinn Jónsson, Indriði Grétarsson, Magnús Helgason.

### *1. Formaður setur fundinn.*

Magnús Barðdal formaður aðalstjórnar setur fundinn og biður fólk velkomið.

### *2. Kosinn fundarstjóri.*

Magnús leggur til að Guðlaugur Skúlason verði fundarstjóri, samþykkt samhljóða.

### *3. Kosinn fundarritari.*

Guðlaugur fundarstjóri leggur til að Sigurlína Erla Magnúsdóttir verði fundarritari, samþykkt samhljóða.

### *4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.*

Guðlaugur biður Magnúsi formanni orðið og fer yfir fundargerð síðasta aðalfundar ásamt framhaldsfundi sem var haldinn 5.júlí 2023 í kjölfarið þar sem ekki tókst að mynda nýja stjórn á aðalfundi 2023. Orðið laust og fundargerðir fyrri aðalfunda samþykktar samhljóða.

### *5. Formaður flytur ársskýrslu félagsins.*

Magnús formaður flytur ársskýrslu félagsins. Orðið laust, fundur samþykkir ársskýrslu félagsins.

### *6. Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar.*

Stefán fer yfir reikninga félagsins.

### *7. Umræður um skýrslu formanns og gjaldkera og reikningar félagsins bornar upp til samþykktar.*

Orðið laust, spurt er út í hvað hugmyndin sé að gera með peningana sem til eru. Félagið fær hrós fyrir hvað félagið standi vel og kraftur í félaginu með mikla starfsemi. Umræða um kostnað við heimasíðu og netföng, farið verður í vinnu við að skoða leiðir hvað heimasíðuna varðar. Reikningar bornir upp til samþykktar og eru samþykktir samhljóða.

### *8. Tillögur lagðar fyrir fundinn.*

Engar tillögur bornar upp og liður fellur niður.

*9. Veittar viðurkenningar og styrkir (Starfsbikar Tindastóls og Minningarsjóður Rúnars Inga Björnssonar).*

Styrkir veittir úr Minningarsjóði Rúnars Inga Björnssonar, bárust tvær umsóknir frá Júdódeild, Jóhanna María og Caitlynn Morrie fá hvor um sig 75.000kr úr sjóðnum fyrir æfingabúðir í Zagreb. Fundurinn hvetur aðila til að sækja um í sjóðinn.

Starfsbikar fyrir árið 2023 hlýtur Magnús Helgason fyrir sitt óeigingjarna staf í þágu félagsins í stjórn aðalstjórnar í yfir 10 ár og í stjórn knattspyrnudeildar félagsins og látið gott af sér leiða í þágu félagsins.

*10. Kaffihlé.*

*11. Umræður og afgreiðsla tillagna.*

Á ekki við á þessum fundi.

*12. Lagabreytingar.*

Engar lagabreytingar.

*13. Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar til samþykktar og deilda til staðfestingar.*

Stefán fer yfir fjárhagsáætlun næsta árs, enginn kveður sér hljóð og fjárhagsáætlun því samþykkt samhljóða.

*14. Ákveðin árgjöld félagsins.*

Lagt til að félagsgjöldin haldist óbreytt, 3.500 kr., samþykkt samhljóða

*15. Stjórnarkjör aðalstjórnar*

*1. Kosinn formaður*

Magnús Barðdal gefur kost á sér áfram, samþykkt samhljóða.

*2. Kosinn gjaldkera*

Stefán gefur kost á sér áfram, samþykkt samhljóða.

*3. Meðstjórnendur*

Sigurlína Erla, Gunnar Traustason og Guðlaugur Skúlason gefa kost á sér áfram, samþykkt samhljóða

*16. Kosnir tveir skoðunarmenn og tveir til vara.*

Birgir Rafnsson og Margeir Friðriksson áfram sem skoðunarmenn og Grétar Karlsson og Gunnar Þór Gestsson til vara, samþykkt samhljóða.

## 17. Önnur mál.

- Umhverfisdagurinn hjá Fisk Seafood, umræða um að bjóða hugsanlega uppá virkan dag, jafnvel frídag í miðri viku, eða vara dag þar sem oft eru margir sem komast ekki vegna móta eða öðru um helgar.
- Merki félagsins, skrá það sem skrásett vörumerki.
- Styrkurinn frá Sveitafélaginu með húsaleigustyrkinn ræddur.
- Aðstöðumálin, að deildirnar haldi áfram að setja pressu þar sem húsnæðisaðstaðan er orðin alltof lítil, stóru deildirnar fá ekki tíma fyrir alla sína flokka, lyftingaraðstaðan orðin mjög döpur og setið um þá tíma. Þörfin á lausnum orðin mjög brýn þó það sé partur af einhverjum deildum eða öðru hafi húsnæði. Aðbúnaður á íþróttavöllum að hann sé klár áður en æfingar hefjist, leikir og annað setja strik í reikninginn gagnvart æfingum hjá öðrum.
- Stofnuð var rafíþróttadeild Tindastóls sem hefur ekki verið starfandi síðastliðin tvö ár, umræða hvort að hugmynd væri með aðila sem gæti haldið áfram starfi eða leggja kennitöluna niður, þar sem ekki hafa verið haldnir aðalfundir. Umræða um að þetta væri mikilvæg deild sem væri gott ef hægt væri að halda deildinni starfandi. Vantar aðstöðu eins og fyrir aðrar deildir sem hægt er að nýtast fleiri greinum.
- Sigríður Inga sagði frá verkefni sem karfan og fótboltinn eru að vinna að því að búa til betra umhverfi fyrir krakkana sem koma úr sveitunum, Varmahlíð, Hólum og Hofsósi. Haldinn var fundur með forsvarsmönnum Neista og Smára þar sem miðað við ferðir með skólabíl/frístundastrætó á Sauðárkrók 2x í viku. Fundið hefur verið fyrir eftirspurn frá krökkum og foreldrum að hægt sé að nýta ferðina í Krókinn en foreldrar sækja eftir æfingar. Komið af stað tilraunaverkefni með þetta og sjá hvernig gengur.

Fundarstjóri gefur formanni orðið með að slíta fundinum og þakkar þeim sem mættu fyrir komuna og góðar umræður.

- Fundi slitið 20:55